

**Nd.**

## **179. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um rannsókn mómyra.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogu.

1. Tillöguna skal orða svo:

I. Alþingi ályktar að fela stjórninni að gera og láta gera það, sem hér verður talið:

a. Að sjá um, að sem flestir einstaklingar leggi kapp á að rækta manneidisjurtir, þær er hér mega vaxa, og safna þeim, er sjálfkrafa vaxa. Og auk þess að láta gera hvorttveggja á alþjóðarkostnað, þar sem svo stórum má vinna, að ofvaxið sje einstökum mönnum.

Telur Alþingi þessar helstar ætjurtir, er safna má sjálfvöxnum:

1. Úr sjó:

Söl (*Rhodymenia palmata*).

Fjörugrös (*Chondrus crispus*).

Purpurahimna (*Porphyra umbilicalis*).

2. Á landi:

Fjallagrös (*Cetraria islandica*).

Heimula (*Rumex domesticus*).

Krækiber (*Empetrum nigrum*).

Bláber (*Vaccinium uliginosum*).

Aðalbláber (*Vaccinium Myrtillus*).

Þessar má rækta helstar:

Jarðepli (*Solanum tuberosum*).

Bygg (*Hordeum vulgare*).

Grænkál (*Brassica oleracea f. acephala*).

Hvitkál ( — — f. *capitata*).

Blómkál ( — — f. *botrytis*).

Rósakál ( — — f. *gemmaifera*).

Hnúðkál ( — — f. *gongylodes*).

Savoykál ( — — f. *sabauda*).

Næpur ( — rapa f.).

Gulrófur ( — napus f. *napobrassica*).

Ræfla (*Raphanus sativus*).

Gulrót (*Daucus Carota*).

Kyrfill (*anthriscus*).

β. Að setja menn með sjerþekking til þess að leiðbeina almenningi og standa fyrir alþjóðarfyrirtækjum.

γ. Að láta þá skipun fara til allra, að afla innlands eldiviðar til vetrarins, og láta einnig gera það á alþjóðarkostnað. Telst hér til:

1. Surtarbrandstekja. Skal ljetta mönnum hana með þeim hætti, að gerðir

- verði á alþjóðarkostnað akvegir eða sporvegir frá námum til sjávar eða flutningabrautar. Heimila má mönnum surtarbrandstekju ókeypis á landssjóðsjörðum. Vinna ella á landssjóðskostnað að skaðlausu.
2. Mótekja. Um hana verður hjer sama um mælt að breyttu breytanda. Skulu hjeruðum fengnir móleitarmenn, er sje goldið að hálfu af alþjóðarfje.
  3. Kolmóvinsla. Skal láta rannsaka mómýrar, til þess að vita, hvar sje staðir, er fallnir sje til kolmógerðar, vídd og dýpt og gæði, og gera annan undirbúning allan, sem nauðsynlegur er að sjerfróðra manna viti, til þess að setja á stofn hjer á landi kolmóvinslu með aðferð Laval, ekki síðar en næsta vor.
  4. Skógarhögg. Skal höggva og höggva láta sem mest má, skógum að skemdarlausu.
- ð. Að afla bátaviðar og láta sjávarhjeruð hafa báta til fiskveiða á næstu haustvertíð; að leggja fyrir menn að herða sem mest af fiskinum og að leggja fyrir öll hjeruð eða sveitir að koma upp ishúsum.
- Að sjá sjómönnum fyrir vinnu í landlegum, t. d. með því að láta verslanir flytja nóg af hör hingað til færagerðar og netja o. fl. þ. h.
- ε. Að fá hingað tæki til þess að vinna salt úr sjó.
  - ζ. Að leggja svo fyrir og fylgja því fram með fullum krafti, að allur búskapur færast til forns lags um nytjar búpenings, svo að mjólk úr ám og kúm verði eingöngu hagnýtt til fæðis. Að leggja fyrir hjeradastjórnir, að sjá um að menn skeri hross og eti, en fjölgi sauðfje að því skapi.
  - η. Að sjá búöndum fyrir verkafólki og ráða helst menn frá sjávarsíðunni í ársvistir til þeirra.
  - θ. Að láta bestu lækna gera matseðil handa landsmönnum, hvernig haganlegast megi setja saman íslenskar fæðutegundir.
  - ι. Að hafa nákvæmt eftirlit með öllum aðflutningum til landsins, svo að hver maður verði að hafa leyfi stjórnarinnar til þess að geta flutt hingað vörur.
- II. Alþingi ályktar að veita stjórninni heimild til að verja fje úr landssjóði til þessara ráðstafana, eftir því sem þörf krefur.
- Verði það nauðsynlegt að taka ráð af mönnum um gildandi lög fram til þess að koma fram þessum ráðstöfunum, felur Alþingi stjórninni að bera nú fram nauðsynleg frumvörp til laga, er heimili slíkar aðfarir, ef hún telur sig eigi hafa heimildina í lögum nú, eða gefa út bráðabirgðalög um það efni, ef þinginu vinst eigi timi til nauðsynlegrar lagasmíðar.

2. Fyrirsögnin skal vera:

Tillaga til þingsályktunar um hjargráð.